



## LAUS STÖRF HJÁ SVALBARÐSSTRANDARHREPPI

Viltu starfa með samhentum hópi sem leggur grunn að menntun og þroska yngstu kynslóðanna í Svalbardsstrandarhreppi? Við auglýsum eftir liðsmönnum sem hafa metnað og drifkraft til þess að ná árangri í starfi, eru tilbúnir til þess að vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi og nálgast verkefni á lausnarmiðaðan hátt með það að markmiði að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Svalbardsstrandarhreppur er á Svalbardsströnd, undir hlíðum Vaðlaheiðar við austanverðan Eyjafjörð. Íbúafjöldi er um 500 einstaklingar, þar af búa um 240 í þéttbýlinu á Svalbarðseyri. Næsti nágranni er Akureyri og þangað eru um 12 km. Sveitarfélagið rekur sameinaðan leik-, grunn- og tónlistarskóla á Svalbarðseyri. Skólinn vinnur að því að efla leiðtogaþæfni nemenda og starfsfólks í daglegu starfi. Samstarf skólastiganna er mikilvægt í allri starfsemi skólans og er það grundvallaratriði að starfsmenn ráði sig hjá sameinaðri stofnun.

### ▶ LEIKSKÓLAKENNARI

Laus er staða leikskólakennara í sameinaðan leik- grunn og tónlistarskóla. Skólinn er 80 nemenda skóli sem tekur inn börn frá níu mánaða aldri. Umsækjandi þarf að hafa menntun leikskólakennara og leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Leyfisbréf á báðum skólastigum er kostur.

### ▶ MATRÁÐUR

Auglýst er staða matræðs við sameinaðan leik-, grunn- og tónlistarskóla á Svalbardsströnd. Matræður þarf að vinna eftir viðmiðum Heilsueflandi grunnskóla. Um er að ræða 100% starf þar sem þjónusta þarf bæði leik- og grunnskóla. Umsækjandi þarf að geta hafið störf 6. ágúst næstkomandi.

### ▶ ALMENNUR STARFSMAÐUR - 100% STARF

Starfið felst í umsjón og skipulagningu heilsdagsvistunar og aðstoð í eldhúsi auk einfaldrar tölvuvinnu. Starfið reynir á marga mismunandi hæfileika, þar sem sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum auk áhuga og ánægju af vinnu með börnum og ungmönnum skipta miklu máli.

### ▶ ALMENNUR STARFSMAÐUR Í 50% STARF VIÐ HEILSDAGSVISTUN

Starfið felst í umsjón og skipulagningu heilsdagsvistunar og er vinnutími frá 12:30 – 16:15. Starfið reynir á marga mismunandi hæfileika, þar sem sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum auk áhuga og ánægju af vinnu með börnum skipta miklu máli.

### ▶ ALMENNUR STARFSMAÐUR Í 30% STARF Í FÉLAGSSTARFI BARNNA OG UNGLINGA

Okkur vantar hressan og duglegan umsjónarmann með félagsmiðstöðinni í vetur. Áhugavert og fjölbreytt starf í þroskandi vinnu með börnum og unglingum.

### ▶ HÚSVÖRÐUR/UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA - 100% STARF

Okkur vantar einstakling sem er lausnamiðaður, samvinnuþýður, þolinmóður og umfram allt jákvæður enda er þessi starfsmaður límið í starfsemi skólans og sá/sú sem öllu reddar þegar kemur að hinu óvænta í lífi og starfi okkar sem störfum hjá sveitarfélaginu.

Laun og kjör auglýstra starfa fara eftir samningum launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2019

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Svalbardsstrandarhrepps [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is) og hjá skólastjóra [inga.sigrun@svalbardsstrond.is](mailto:inga.sigrun@svalbardsstrond.is) Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla í síma 859 5005.

Sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar um starf húsvarðar/umsjónarmann fasteigna [sveitarstjori@svalbardsstrond.is](mailto:sveitarstjori@svalbardsstrond.is)

Umsókn ásamt prófskírteinum og ferilskrá skal senda á netfangið [inga.sigrun@svalbardsstrond.is](mailto:inga.sigrun@svalbardsstrond.is)